

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



Dags eftirlits	25.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Hábrún	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Stekkjargötu 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450314-0640	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Rúnar Benjamínsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram í eftirliti er varða að Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um útsetningu í júlí, að hvorki grænu bókhaldi né ársyfirliti hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar. Engar ábendingar komu fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða sjókvíakeldi með leyfi til ársframléiðslu á 700 tonnum af regnbogasilungi og þorski, að hámarki 650 tonna lífmassa á hverjum tíma af regnbogasilungi og að hámarki 50 tonna lífmassa á hverjum tíma af þorski.

Dagskrá eftirlits:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð
- Önnur mál
- Gagnaskil – tryggingaskírteini, ISO vottanir 14001, áætlanir

Farið var í vettvangsheimsókn, Davíð Kjartansson og Davíð Rúnar Benjamínsson voru fulltrúar rekstraraðila og Sigríður Kristinsdóttir eftirlitsmaður, fulltrúi Umhverfisstofnunar.

1. Tvö frávik komu fram í eftirlitinu árið 2023, varðandi að ársyfirlit hafði ekki borist Umhverfisstofnun þegar eftirlitið fór fram og umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var ekki skilað fyrr en 5. júlí 2024. Tvær ábendingar voru settar fram, annars vegar vegna útreikninga á losun fosfórs og hins vegar um meðhöndlun dauðfisks. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

2. Ekki var farið yfir áhættumatið í eftirlitinu en það var sent til rekstraraðila til rýnis eftir eftirlitið. Ekki hafa borist athugasemdir við því.

3. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því. Rekstraraðili var hvattur til að kynna sér starfsleyfi vel, ekki síst með tilliti til skila á upplýsingum. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um útsetningu sem fram fór í sumar og er það frávik. Dauðfiskur er frystur og geymdur þar til viðundandi meðferð verður til staðar. Til stendur að rekstraraðili komi sér upp aðstöðu til meltugerðar.

4. Farið var yfir eftirlitsmælingar og skráningar. Hvorki umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) né ársyfirlit hafði verið skilað til Umhverfisstofnunar þegar eftirlitið fór fram og eru það frávik. Í hámarks lífmassaskýrslu kom fram að stöðin við kvíarnar (HB2 A) hefði greinilega verið undir álagi frá uppsöfnun lífrænna efna þar sem tegundir þar eru færri en á hinum stöðvunum og aukinn fjöldi burstoormanna *Capitella capitata* og *Malacoceros*. Minnt var á að rekstraraðila bæri að hvíla svæðið í a.m.k. 12 mánuði skv. starfsleyfi og að láta gera hvíldarsýnatöku tímanlega þannig að Umhverfisstofnun berist niðurstöður a.m.k. tveimur vikum fyrir fyrirhugaða útsetningu. Skv. útreikningum var fosfór losum 7,0 kg/tonn á lífmassaukningu og er það undir mörkum starfsleyfis.

5. Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar sem og viðbragðsáætlun vengja bráðamengunar í hafi.

6. Umgengni og aðkoma lóðar var mjög góð. Búið er að malbika svæðið í kringum starfsseminna.

7. Geymsla sápuafna og olíu er viðunandi.

8. Farið var í skoðunarferð um starfsvæði í landi.

9. Farið var yfir gagnaskil og kröfur skv. starfsleyfi. Rekstraraðili er ekki með umhverfisvottun, hvorki ISO vottun 14001 né sambærilegar vottanir.

Frávik frá**Lýsing á fráviki****Gr. 3.2 í starfsleyfi**

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um ástand eldissvæðanna út frá vöktun. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um útsetningu sl. sumar.

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Rekstraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfisstofnun barst ársyfirlit fyrir árið 2023 þann 14. október 2024 og er frávikinu því lokað.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna. Umhverfisstofnun bárust umhverfisupplýsingar fyrir árið 2023 þann 14. október 2024 og er frávikinu því lokað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.11.2024

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir